

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um kynferðisbrotamál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skoðun ráðherra á því sem fram hefur komið hjá forstjóra Barnaverndarstofu að jafnræði sé ekki með ákærvaldinu og sakborningi í kynferðisbrotamálum, m.a. þar sem verjandi sakbornings eða sakborningurinn sjálfur hefur rétt á því að vera viðstaddur frumskýrslutöku og að þessi tilhögun hafi iðulega komið í veg fyrir sakfellingu?
2. Telur ráðherra eðlilegt að á sama tíma og aðrar þjóðir, t.d. Svíar og Norðmenn, eru að koma á fót barnahúsi að íslenskri fyrirmynd hefur sú þróun átt sér stað að meiri hluti skýrslna af börnum eru teknar í dómhúsum og minni hluti í Barnahúsi?
3. Telur ráðherra ástæðu til að breyta ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála er varða skýrslutökur þegar grunur leikur á kynferðisbroti gegn barni?
4. Hvaða skýringu telur ráðherra vera á því að þótt kynferðisbrotamálum hafi fjölgað verulega á síðustu árum hefur sakfellingum aðeins fjölgað um eina?